



Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

hrn@hrn.is

Sent rafrænt á samráðsgátt

Reykjavík, 20. janúar 2021

Efni: Umsögn SI um frumvarp til breytinga á lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007, mál nr. 278/2020.

Samtök iðnaðarins („samtökin“) taka til umsagnar drög að frumvarpi til breytinga á lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Í frumvarpinu eru lagðar fram breytingar sem lúta að því að skýra heimildir til kvörtunar til embættis landlæknis vegna heilbrigðisþjónustu. Samtökin vilja að því tilefni koma eftirfarandi á framfæri.

Landlæknir hefur, sem eftirlits- og stjórnsýslustofnun, eftirlit með heilbrigðisþjónustu og -starfsmönnum, sbr. e-liður 1. mgr. 4. gr. laga nr. 41/2007, og með því að heilbrigðisþjónusta uppfylli faglegar kröfur skv. 6. gr. laganna eða önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. Samtökin hafa því leitað til embættisins vegna ábendinga um að störf hjúkrunarfræðinga sem starfrækja starfsemi á grundvelli starfsréttinda sinna og flokkuð er sem önnur ótalin heilbrigðisþjónusta skv. atvinnugreinaflokkun ríkisskattstjóra sé á sviði snyrtifræði, sem er lögvernduð iðngrein. Embættið hefur ekki talið sig hafa eftirlitsheimildir til að verða við ábendingu samtakanna og túlkar heimildir sínar, að mati samtakanna, með þröngum hætti.

Í ljósi túlkunar landlæknis á sínum eigin eftirlitsheimildum telja samtökin nauðsynlegt að landlækni sé tryggð skýr heimild og jafnframt lögð á landlækni skylda til að taka til skoðunar og eftir atvikum koma í veg fyrir að heilbrigðisstarfsmenn, sem starfa á grundvelli leyfis landlæknis, starfi ekki á starfssviði annarra starfsstétta, t.d. snyrtifræði, enda hafi þeir ekki leyfi eða réttindi til slíkra starfa. Ótækt er að mati samtakanna að heilbrigðisstarfsmenn veiti þjónustu á sviði löggiltrar iðngreinar undir því yfirskyni að um heilbrigðisþjónustu sé að ræða án þess að uppfylla viðeigandi skilyrði laga um handiðnað nr. 42/1978.


Samtökin telja að landlæknir beri að gæta að mörkum á milli starfsgreina og að embættið beri ábyrgð á því að hafa eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum sem starfa á grundvelli leyfa landlæknis og bregðast við því ef heilbrigðisstarfsmenn eru að sinna öðrum störfum en þeim sem sannarlega falla undir þeirra starfsgrein. Leggja því samtökin til að undir eftirlitshlutverk landlæknis falli að meta hvort starfsemi falli undir starfsréttindi heilbrigðisstarfsmanna og að ekki sé veitt önnur þjónusta sem fellur sannarlega ekki undir starfsréttindin.



Hér ber til þess að líta að ekki er greiddur virðisaukaskattur af heilbrigðisþjónustu sem er veitt á grundvelli starfsleyfa útgefnum af landlækni. Samtökin leggja áherslu á að starfsemi sem fellur undir atvinnugreinaflokk ríkisskattstjóra: önnur ótalin heilbrigðisþjónusta sé háð eftirliti landlæknis enda eigi heilbrigðisstarfsmenn ekki að hafa samkeppnisforskot á aðrar starfsgreinar í skjóli þess að önnur ótalin heilbrigðisþjónusta er undanþeginn virðisauka.

Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við ráðuneytið.

Virðingarfyllst,


Steinunn Pálmadóttir, lögfræðingur SI